

Gullingöndulheilkennið

Kanadíska enskuprofessorinn fyrrverandi, Janice Fiamengo, hefur marga hildina háð við kvenfrelsarana, eftir að hún losnaði úr álögum þeirra, frelsaðist frá kvenfrelsun.

En þó! Kvenfrelsunin tekur nefnilega stöðugt á sig nýjar myndir, sbr. hið nýja „gullingöndulheilkenni.“ Enda er kvenfrelsun iðnaður orðinn, stjórnsýslusvið og opinber stjórnunarhugmyndafræði. Stjórnsýslan færir stöðugt út kvíarnar og markaðssókn ofbeldisiðnaðarins er árangursrík, kostuð af skattgreiðendum og fyrirtækjum eins og Sjóvá.

Kvenfrelsarar eru eigin undirtegund mannkyns. Janice segir þá hafa ríka tilhneigingu til að misskilja meinlaust grín og flimtingar (gestures), athugasemdir og yfirsjónir, sem þeir túlka sem kynkúgun. Þeir eru viðskotaillir, vænisjúkir, móðgunargjarnir og sannfærðir um ágæti sjálfra sín.

Enn fremur segir hún, að viðmælendur um hugmyndafræði kvenfrelsaranna flækist óhjákvæmilega í umræður um ónógan stuðning við konur, skort á fjölbreytni og ónóga þátttöku kvenna í stjórnun, kuldalegt viðmót gagnvart þeim og svik við kvenfrelsunarmálstaðinn.

Aukin heldur er viðbúið, að viðmælendur kvenfrelsaranna fái skýr skilaboð um það, að ákveðin hegðun og röksemdafærsla skapi þeim óöryggi og sé því í sjálfu sér svívirðing í garð kvenna, kynferðisleg áreitni eða kynbundið ofbeldi. Umkvartanir um kynáreitni og kynfólsku svífa yfir vötnum, sérstaklega gegn körlum, sem láta hjá líða að biðjast velvirðingar á meintum forréttindum sínum.

Í áratugi hafa kvenfrelsarar frætt okkur um ágæti kvenna og nauðsyn þess, að þær tækju við stjórnartaumunum utan stokks eins og innan. Hin hagsýna húsmóðir myndi uppræta spillingu, bera klæði á vopn, sníða stakk eftir vexti í fjármálum - og væri hún jafnframt hin algóða móðir, myndi eðlislægt eða kvenlægt ástríki hennar skapa hlýju í mannlífinu öllu. En fyrst yrði vitaskuld að gera byltingu, losa sig við kúgaranna, karlmenn. Nú vantar bara að reka smiðshöggið á ætlunarverkið. Framtíðin er óumdeilanlega kvenlæg.

Hreðjatak kvenna er öflugt, enda láta karlmenn sífellt betur að stjórn, verða stimamýkri, lúpulegri og tilhliðrunarsamari. Ofbeldisiðnaðurinn, þar sem karlmenn eru hráefnið, blómstrar sem aldrei fyrr. Ný orð eins og „kynferðisbrot“ (RÚV mállýska) eru fundin upp til að rugla greyin í ríminu. Þeir „stíga til hliðar“ og víkja fyrir konum, sé þeim gefið að sök, að hafa litið konu hýru auga eða stigið í vænginn við hana eða látið

hvort tveggja hjá líða. Þeir eru dæmdir til „geldingar,“ ef styggðaryrði hrýtur af vörum, því konur eru nefnilega svo viðkvæmar og kynstyggar. Enda sagði skáldið; „aðgát skal höfð í nærveru [kven]sálar.“ Það hafa karlmenn aldrei kunnað. En nú ku flestir þeirra reyna að gera bragarbót, tileinka sér kvenlægar tilfinningar og tjáningu þeirra á betrunarnámskeiðum. Sumir eru meira að segja dæmdir til þess háttar lærdóms.

En það virðist ekki duga til. Hvílkir ónytjungar og öfuguggar, gersneyddir hæfileikum til mannlegra samskipta og kynlífs? Það hefur nú reyndar verið til umræðu í kynfræðunum í áratugi, hversu illa þeim gengur að fullnægja konum í kynlífi.

Ónytjungshátturinn á ekki síst við um karlmenn við æðri menntastofnanir. Þar eru þeir að verða eins og hvítir hrafnar. Þó virðast kvennemendur sýna þeim áhuga sem kynverum. Það hefur stigið gumunum svo til höfuðs, að sjálfsálitið bólgnar eins og verðlagið um þessar mundir. Þessi bólga er orðin nýjasta kynferðisbrot þeirra.

Karlnemendur eru nefnilega haldnir eins konar „Casanovasjúkdómi“ eða „gullingöndulheilkenni“ (Golden Penis Syndrome). Það lýsir sér í því að svíkja konur í tryggðum, vekja þeim falsar vonir, notfæra sér þær í kynlífi og yfirgefa svo með sárt ennið. (Þetta er nú reyndar sígild lýsing á kynsál karla.)

Clarisse Cooke, tengslaráðgjafi, skilgreinir heilkennið svo: „Í gullingöndulheilkenninu felst sú hugvilla, að hlutaðeigandi sé einstaklega vel gerður sem karlmaður á sviði kynlífs sem öðrum sviðum, og geti þess vegna virt að vettugi viðurtekin gildi um góða háttsemi, virðingu og stefnumótasiði.“

Hún bætir við: „Því er það, að konur verða vonsviknar og sárreiðar, þegar karlarnir losa sig við þær, eftir yfirborðsleg kynni á stefnumótum og hörmulegar bólfarir af þeirra hálfu.“

Eins og allir vita er margt skrítið, bæði í kýrhausnum og kúgun kvenna. Nýjasta tilbrigði kvenkúgunar felst í skorti á karlmönnum til mökunar á æðri menntastofnunum. Samtímis berjast kvenfrelsunarstjórnvöld fyrir fjölgun kvenna í æðri menntun, svo og sérstakri valdeflingu stúlkna og fullorðinna kvenna á öllum sviðum.

Nú er reyndar komin út bók, sem gæti glatt meyjari í sárum og vilja frelsast frekar: „Láttu til skarar skríða. Hin nýju stefnumótavísindi og ástæða þess, að konur eru við stjórnvölinn“ (Make Your Move: The New Science of Dating and Why Women Are in Charge).

Það sætir varla furðu, að skynsamir karlmenn skuli draga sig í hlé, búa á „Hótel mömmu,“ (oft fjármagnað af pabba og skattgreiðendum), totta jónur, bryðja alsælutöflur, sjússa sig og spila tölvuleiki eins og Alheimsefnahagsráðið reyndar spáir að verði bráðum tómstundagaman þeirra, sem mega missa sín úr mannmergðinni. Þessir auðnuleysingjar gefa skít í atvinnu og menntun, gantast við og gamna sér með gervikonum - og jafnvel gleðikonum.

https://fiamengofile.substack.com/p/the-last-thing-a-pro-liberty-conference?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.aei.org/carpe-diem/chart-of-the-day-female-shares-of-ba-degrees-by-major-1971-to-2017/>

<https://fiamengofile.substack.com/p/i-hope-the-future-isnt-female>

<https://news.gov.bc.ca/releases/2020JEDC0005-000257>

<https://www.nbcnews.com/news/us-news/men-s-rights-activists-are-attacking-women-s-scholarships-programs-n947886>

<http://www.thefutureisfemale.co/>

<https://hbr.org/2020/12/research-women-are-better-leaders-during-a-crisis>

<https://www.replicon.com/blog/17-reasons-women-make-great-leaders/>

https://fiamengofile.substack.com/p/critics-tell-young-men-that-their?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.dailymail.co.uk/femail/article-10152727/How-golden-penis-syndrome-ruining-modern-dating.html>